

SNORRI STURLUSON

og ættareinkenni Sturlunga

I

Það verður ekki sagt, að Íslendingar kunni ennþá til fulls að meta Snorra Sturluson og þá síst, hvílíkt fyrirheit slíkur höfuðsnillingur er um það, hvernig íslensk framtíð gæti orðið. Í þá átt bendir eindregið annað eins og það t. d., að hvergi hefir þess verið getið, og að því fundið, hvernig vitnisburður Snorra er gefinn í hinni miklu og heimskunnu alfræðibók Encyclopædia Britannica. En þar er honum þannig lýst (í 20. bindi, s. 854): „The prominent features of his character seem to have been cunning, ambition and avarice, combined with want of courage and aversion from effort.“ Á íslensku: „Það sem mest ber á í fari Snorra, virðist hafa verið slægð og ágirnd til fjár og mannvirðinga, ásamt hugleysi og leti.“

Ekkert höfundarmark er undir þessari furðulegu lýsingu á hinum mikla snillingi, en vísað er til kaflanna um Eddu og um íslenskar bókmenntir. En þeir eru samdir af R. P. Cowl, háskólaprófessor í enskri tungu, og Fr. York Powell, sem var mjög kunnur sagnfræðingur og samstarfsmaður Guðbrandar Vigfússonar. Virðist mér líklegast, að það sé York Powell, sem hefir lýst Snorra eins og nú var getið.

II

Vitnisburður þessi, sem Snorra er þarna gefinn, á skilið að verða talsvert frægur sem endemisvitleysa; og er erfitt að skilja, hvernig hlutaðeigandi menntamaður hefir getað verið svo grunnhygginn að láta sér koma til hugar, að einum af höfuðbókmenntaskörungum mannkynsins væri þannig rétt

lýst. Eða öllu heldur, að slík lýsing á slíkum manni gæti náð nokkurri átt.

Því oftar sem vér lesum rit Snorra, því meira finnst oss til um afbragðlega hæfileika þessa manns, sem varla virðist hafa átt sinn líka á sínu sviði. Slíku getur enginn til leiðar komið, ef ekki andlegt atgjörvi hans er í frábærasta lagi.

Það getur orðið oss nokkur hjálp til aukins skilnings á Snorra, ef vér berum hann saman við Sturlu lögmann bróðurson hans, sem mikill atgervismaður var og afreksmaður um ritstörf. Eigum vér honum stórmikið að þakka, en þó er snilldarmunur þeirra frændanna býsna mikill. Og ég leyfi mér að efast um, að nokkur sá rithöfundur hafi verið á Norðurlöndum síðan, er taka megi til jafns við Snorra. Henrik Ibsen og Björnsterne Björnson eru t. d. þau skáld Norðmanna, sem einna mest orð hefir farið af á síðari tínum, og þó er svo mikill munurinn á þeim og Snorra Sturlusyni, að jafnvel nú, aðeins fáeinum áratugum eftir dauða þessara snillinga, er frægð Björnsons og þó einnig Ibsens farin að rykfalla og fyrirsjáanlegt, að áður margar kynslóðir eru til moldar gengnar, muni varla aðrir en sérfræðingar í Norðurlandabókmenntum líta í bækur þeirra. En rit Snorra hafa aldrei verið lesin með annarri eins aðdáum og nú, meir en 700 árum eftir að hann dó, og þó allar horfur á, að frægð hans eigi enn eftir að aukast.

III

Því betur sem vér kunnum að meta „bækur þær sem Snorri setti saman“, og þýðingu þeirra fyrir íslensku þjóðina, og þó raunar Norðurlöndin öll, og fleiri, því meira finnst oss á það skorta, að Sturlunga segi eins mikið af honum og vel, og æskilegt hefði verið. Ekki eitt orð er oss af því sagt, hvernig hann var í sjón, en alveg virðist óhætt að gera ráð fyrir því, að hann hafi verið tiltakanlega gjörvulegt barn. Jón Loftsson í Odda, þessi frábæri þjóðskörungur, hefði ekki farið að bjóðast til að taka sér Snorra fyrir fósturson, ef honum hefði ekki litist meir en í meðallagi vel á snáðann; og hinsvegar má af því nokkuð marka, hve

mikils Jón var metinn, að foreldrarnir skyldu vilja sleppa við hann Snorra, sem var þeirra yngsta barn. En mikið happ var það íslensku þjóðinni, að svona fór, því að hvergi á öllu Íslandi hefði Snorri átt kost slíkrar menntunar sem hann hlaut í Odda. Og eins og verkin sýna, þá hefir sveinninn fært sér þær ástæður til að menntast, í besta lagi í nyt. Af þessu níði, sem í hinni bresku alfræðibók er að lesa um Snorra, er varla nokkuð fráleitara en það, að hann hafi verið latur. Það hefir þurft mikla ástundun til að afla sér þess fróðleiks, sem höfundur þessara stórkostlegu bóka, sem óefað með réttu eru eignaðar Snorra Sturlusyni, bjó yfir. Og svo allur sá áhugi, sem þurft hefir til að taka sér tíma til að semja þær. Því að þessar bækur, sem að alls engu mundi hafa verið getið í Sturlungu, ef ekki hefði svo borið til, að Sturla Sig hvatsson dvaldi um tíma hjá Snorra í Reykholti, til að láta skrifa eftir þeim, voru samdar í hjáverkum. Snorri hlýtur að hafa átt mjög annríkt sem stórbóndi og höfðingi, sem því miður fór mjög fjarri, að fengi að sitja í friði. Og að geta losað svo huga sinn frá önnum og ófriði, að orðið gætu til þessi snilldarverk, sem telja verður með því merkilegasta, sem til er í bókmenntum allra þjóða, var hið frábærasta andlegt þrekvirki. Það virðist þá einnig fjarstæða, þegar sagt er, að Snorri hafi verið huglaus. Það ber sannarlega ekki vott um kjarkleysi, þegar Snorri fer til Íslands, þó að Hákon konungur legði þar blátt bann fyrir. Og annars er býsna ólíklegt, þegar vér virðum fyrir oss frændlið Snorra, að honum einum hafi verið svo illa í ætt skotið, að vera hugleysingi.

IV

Eitt það verk, sem vér allrasist vildum misst hafa úr bókmenntasögu Íslendinga, er sagan sem kennd er við ætt Snorra og kölluð Sturlunga. Að vísu er þar ekki um aðra eins yfirburða höfundarsnilld að ræða eins og þar sem Egla er eða Njála, en þó stórmikla, svo að það er víst óhaett að segja, að vér þekkjum ekki neina af miðaldaþjóðum Norðurálfunnar eins vel og Íslendinga þrettándu aldarinnar.

Og er það vel, því að þar hefir verið um frábært atgervisfólk að ræða, og það svo mjög, að jafnvel á Norðurlöndum virðist þá ekki hafa verið það fólk, er til jafns gæti komist við það, sem fremst var á Íslandi á þeim dögum. En vér kynnumst þessu atgervisfólki ekki einungis með aðdáun, heldur einnig með hryggð. Því að á þessu landi, þar sem óhætt er að segja, að meira hafi riðið á samtökum og samlyndi, ef þjóðin átti að geta þrifist, en í nokkru landi öðru, var sundurlyndið svo magnað, að íslensk hreysti og hugprýði kom mest fram í því að eyðileggja íslenska hreysti og hugprýði; og eru þar, svo að ekki verður um villst, tildrög þeirrar vaxandi niðurlægingar, sem varð hlutskipti íslensku þjóðarinnar öld eftir öld, úr því að 13. öldinni sleppir. En af öllum þeim óhappaverkum, sem unnin voru á þeim tímum, hefir sennilega ekkert verið ómaklegra og alþjóð skaðlegra en það öxarhögg, sem stytti líf Snorra Sturlusonar um 10—12 ár, eða meir, ef vér dæmum eftir þeim aldri, sem bræður hans náðu. Eithvað mikilsvert mundi Snorri hafa ritað á þeim áratug, sem af var höggvinn, og jafnvel eitthvað betra en það sem til er eftir hann; því að slíkum vex með aldri snilld og viska. Og að hugsa sér, að slík ritlaun skyldu vera goldin þeim manninum, sem meir er að þakka en nokkrum öðrum, að íslensk tunga er enn til, og þar með viðreisnarvon og framhalds, á þeirri framabraut, sem löngu væri komið á, ef sannleikur, vit og snilld hefði nokkru nær makleikum metið verið á þessari jörðu vorri.

V

Skal nú að því snúið, að virða að nokkru fyrir oss frændlið Snorra, þannig að oss geti orðið það hjálp til að meta sjálfan snillinginn réttar. Það er eftirtektarvert, hversu forfeður Snorra, þeir sem af segir, virðast hafa hlotið gott kvonfang. En um Snorra sjálfan er öðru máli að gegna; hann kvæntist til fjár. Og er honum að vísu vorkunn. Hefði þessi mikli hæfileikamaður verið smábóndi, sem þurfti að hafa sig allan við til að afla heyja handa nokkrum skepnum, o. s. fr., þá hefðum vér engu Eddu Snorra fengið, enga Eglu,

enga Heimskringlu. En nú virðist þetta, að kosin var kona meir að auði en álitum, hafa til þess orðið, að hjónabandsbörn Snorra urðu ekki honum líkari að atgervi. En þó tókst raunar ekki betur með börn hans og þeirra mæðra, sem hann var ekki eiginkvæntur, að einu þó undanteknu. Synir Snorra, Jón og Órækja, virðast að vísu hafa verið karlmennskumenn, en ekki neinir vitmenn á borð við föður sinn. Órækja virðist jafnvel hafa verið kraftamaður mikill, eins og svo margir af niðjum Hvamms-Sturlu; er þess getið, að Órækja tók Kolbein unga og hélt honum, eitthvert sinn, er hann „vildi bregða sverði“ og vinna eitthvert fólskuverk. Mun slíkt ekki hafa verið heiglum hent.

Snorra tókst ekki gæfusamlega gagnvart sonum sínum, en giftusamlegar mun um tíma þótt hafa horft um tengdasynina, þar sem dætur hans 3 giftust þeim mönnum, Gissuri jarli (er síðar varð), Kolbeini unga og Þorvaldi í Vatnsfirði, er taldir voru einhverjur mestu höfðingjar á Íslandi þá; og var mikið látið af þeim mægðum. En þó voru þessir tengdasynir hans einnig í tölu hinna verstu illmenna á landinu, og urðu tveir þeirra til þess að drepa niður Sturlunga, svo að með ódæmum má telja. Virðist mér eftirtektarvert, að þeir sem það gerðu, þeir Gissur Þorvaldsson og Kolbeinn ungi hafa enga niðja eftir sig látið. En frá Þorvaldi í Vatnsfirði og Þórdísi Snorradóttur eru allir Íslendingar komnir, og er það einungis þannig sem Íslendingar geta rakið ætt sína til Snorra. Virðist Þórdís Snorradóttir hafa verið mikil at-gjörviskona. Má nokkuð marka fegurð hennar af því, hve mjög var sóst eftir henni, er hún var ung ekkja, eftir að Þorvaldur maður hennar hafði verið inni brenndur; en að hún hafi verið hraust vel, virðist mega ráða af því, að hún fer í ferð, einungis þrem dögum eftir að hún hafði alið barn. Ekki var hún gæfusöm, þessi ættmóðir vor, og voru allir unnustar hennar drepnir, eða flestir. Er ekki ólíklegt, að verst hafi henni þótt að missa Odd Álason, sem var sérstaklega mikill atgervismaður. Sonur hans var Hrafn, er einn af mestu höfðingjum var á Íslandi á síðari hluta 13. aldarinnar.

Afkomendur Hvamm-Sturlu virðast hafa verið frábært

atgervisfólk, bæði menn og konur. Var elsti sonur Sturlu, Sveinn, einn af mestu köppum sinar samtíðar. Voru þau tvíburar hann og Þuríður; en móðir þeirra hét Álof Vilhjálmsdóttir. Sonarsonur Þuríðar var Kolbeinn grön, er síðar segir nokkuð af, og varla mun hafa átt sinn líka að karlmennsku, jafnvel á þeirri öld, er svo margir frábærir hreystimenn voru á Íslandi. Önnur hálfssystir Snorra hét Steinunn, en móðir hennar var Ingibjörg, dóttir Þorgeirs í Hvassafelli, mjög orðlögð friðleikskona. Einn sonur Steinunnar og Jóns Brandssonar var Brandur. Frá því er sagt, að hann sóttu einusinni 4 menn, og unnu ekki á fyrr en Brandur rann í svaðinu og varð að styðja niður hendi; var þá einn sækjandi fljótur til að höggva á höndina. Virðist Snorri hafa metið pennan frænda sinn mikils. Annar sonur Steinunnar var Ingimundur, en sonur hans Ari, maður sem ekki virðist hafa staðið frænda sínum Kolbeini grön mikið að baki, eins og nokkuð segir af síðar.

Þá voru þeir albraður Snorra, Þórður og Sighvatur, miklir atgervismenn. Sonur Sighvats var Sturla, er talinn var af bragð annarra manna. „Hygg ek at fáir muni sét hafa rösklegra mann,“ segir söguhöfundurinn um Sturlu Sighvatsson. Og þó mun Þórður bróðir hans (kakali) ekki hafa staðið honum að baki; og Þórður var göfugmenni, og til hans mun vera að rekja Sturlungu, eða það, að Sturlunga var samin. Því að upphaf þeirrar sögu mun mega telja frásögn þá af viðureign Gissurar Þorvaldssonar og Sturlunga, sem Þórður létt skrifa, og lesa fyrir Hákonni konungi.

Synir Þórðar, bróður Snorra, voru þeir Ólafur hvítaskáld, hinn ágæti fræðimaður, og Sturla, söguritarinn. Ennfremur Böðvar, faðir Þorgils skarða, er mikið orðið fékk á sig af framgöngu sinni í bruna miklum í Björgvin. Þótti þar enginn hafa gengið eins vel fram og bessi ungi Íslendingur. Og er þó svo að sjá, sem Sturla Þórðarson, fræðimaðurinn og skáldið, hafi ekki verið kappanum bróðursyni sínum síðri að karlmennsku. Finnur Jónsson segir í bókmenntasögu sinni (s. 328): „aldrei segir neitt um framgöngu hans“ (Sturlu Þórðarsonar). En það er misminni. Í 4. bindi Sturlungu segir

af hinum harða bardaga á Þveráreyrum, þar sem þeir áttust við, Eyjólfur ofsi Þorsteinsson og Hrafn Oddsson annarsvegar, en Sturla Þórðarson, Þorgils skarði og Þorvarður Þórarinsson hinsvegar. Er af framgöngu Sturlu þannig sagt (s. 40): „Sturla gekk í fyrstunni fram frá öðrum mönnum; hann hafði panzara ok sverð, skjöld og stálhúfu. Þorgils mælti við hann, hví hann færí svo óvarlega. Sturla svarar: „lát mik sjá fyrir báti mínum, sem auðit má verða“. Þorgils hljóp fram til hans ok segir at þeir skyldi báðir saman vera“.

En af Þorgilsi segir svo: „Þorgils var fyrir miðri fylkingu, hjá Sturlu, því at þar var mest þörf, ok barðisk ágæta vel, ok þótti annarsstaðar auðvellra á at sækja en þar er hann var fyrir.“

Verður af þessari frásögn að ráða, að Sturla, söguritarinn, hafi verið hinn mesti hreystimaður. En um líkamsatgervi Sturlu er líklegt að ráða megi nokkuð af því sem segir um Ingibjörgu dóttur hans, sem var aðeins 13 ára þegar brúðkaupið var á Flugumýri og brennan. Þó að hún væri aðeins barn að aldri, er henni svo lýst, að hún hafi verið „bæði mikil vexti ok sköruleg at sjá“.

Tilgangurinn með Flugumýrabrennu var að hefna Sig-hvats Sturlusonar og sona hans, sem drepnir höfðu verið í og eftir Örlygsstaðabardaga. En einnig til að hefna Snorra, var þetta illvirki unnið, eins og kemur fram, er Kolbeinn grön, sem þar var einn aðalmaðurinn, segir: „Man engi nú Snorra Sturluson, ef þú fær grið.“ En ekki vildi Kolbeinn láta Ingibjörgu frænku sína inni brenna, og segir svo af því: „Kolbeinn grön hljóp inn í eldinn eftir Ingibjörgu ok bar hana út til kirkju.“ Fleira er þar af honum sagt, sem sýnir fræknleik hans: „Þá bað Kolbeinn grön, at honum skyldi hrinda á fylking þeirra Gizurarmanna, ok þat var gert; varð þá í hröngl mikít.“

Þeir höfðu þrír verið settir til að vinna það verk í þessari hefndarför, sem mest þótti undir koma að framengt yrði, Kolbeinn grön, Ari Ingimundarson — þeir voru þremenn- ingar eins og áður er á vikið — og Hrani Konráðsson, afrendur maður að aflí og vaskleik. En þó slapp Gissur frá

þeim, eins og kunnugt er. Gissuri hafði tekist að láta drepa Snorra Sturluson, þegar hann veitti honum nokkuð líka heimsókn og hann varð hér fyrir sjálfur, og komst þó undan lífs. Kemur í slíku fram ógæfa íslensku þjóðarinnar, því að mikill var þar munur manna. Íslensk þjóð hefir ekki átt neinum manni jafnmikið að þakka og Snorra Sturlusyni; en af Gissuri Þorvaldssyni, eina höfðingja íslenskum, sem jarls nafn hefir borið, hlaust meira illt en af nokkrum öðrum. Slælegri framgöngu þeirra, sem Gissuri voru sérstaklega settir til höfuðs, verður þó ekki um kennt, því að allir voru þeir hinir mestu garpar. Og skal nú nokkuð meira af þeim sagt.

Enginn fylgdi hetjunni Þórði kakala betur en Kolbeinn grön. Segir svo af honum í Flóabardaga, þar sem þeir áttust við Þórður kakali og Kolbeinn ungi: „var þá óður vápnaburðir á skipinu Kolbeins Dufgussonar, svá at menn héldusk eigi við. Flýðu menn þá svo gersamlega af því skipi, at Kolbeinn stóð einn eftir. Tóku þá menn hans ok drógu hann öfgan milli skipanna til sín, ok í því fékk hann fjögur sár, þrjú í lærit, ok váru tvau í gegnum lærit, en eitt í ilna neðan, ok skar út í klaufina við þumaltána, ok varð þat sár mikit.“

Af dauða hetjunnar segir þannig (St. III, s. 300): „Kolbeinn grön var þar fyrir ok hafði séð flokkinn (Gissurar) sem ván var at, ok vildi eigi í kirkju; hann var þá kominn í stofu ok stóð undir tjaldi í stofunni. Prest-Jóan sá at grænt kirtilsblað kom undan tjaldinu; var hann þá tekinn ok út leiddr. Kolbeinn beiddi prests fundar; en þeir gáfu því engan gaum; þótti þeim þar fangs ván at frekum úlfi er hann var, ef nökkurt undanbragð yrði. Ok er Gizurr sá Kolbein brá hann sverðinu Brynjubít, ok þótti eigi svá skjótt unnit á Kolbeini sem hann vildi, ok spurði hví þeir væru nú svá lathentir. Þá hjó Prest-Jóan til Kolbeins, ok kom þat högg í höfuðit; var þat mikill áverki, og fell hann eigi. Kolbeinn tók til mannanna drjúgum og kipti fast, er maðrinn var öflugr, ok lagði nær, at hann mundi kippa sumum mönnum undir höggin. Þá unnu þeir margir á honum, ok fell hann eigi. Þá hjá Prest-Jóan annat högg í höfuð Kolbeini, ok gekk

þat sár ofan í ennit, ok þá fell Kolbeinn á knéin bæði upp við vegginn norðr frá brandadurum; ok þar vágu þeir hann...“

Pess munu fá dæmi, að vopnlaus maður og hlífarlaus hafi þannig varist eins og Kolbeinn Dufgusson, og má geta nærrí, að Gissur jarl hafði ekki valið neinar liðleskjur til fylgdar við sig, er hann fór þessa hefndarför. Kolbeinn fellur ekki, þrátt fyrir mörg sár, fyrr en sverðshögg gengur ofan í ennisbeinið, og þá fellur hann, þó aðeins á kné.

EKKI er þess getið, að Kolbeinn Dufgusson hafi kvæntur verið eða átt börn, en af sögunni virðist mega ráða, að Guðný Mánadóttir í Gnúpufelli hafi verið vinkona hans, og skal minning hennar fyrir það í heiðri höfð.

Skal þá sagt nokkuð frá hinum tveim þeirra þremenninganna, sem sérstaklega voru settir til höfuðs Gissuri. Ari Ingimundarson var með Þórði kakala frænda sínum í Flóabar-daga, þá aðeins 18 ára að aldri. Komst hann einnig í miklar mannaunir í sjóferðum, þó að ekki væri við menn að berjast. Er frá því sagt, er hann er á leið til Íslands, að veður gerir svo mikið, „at skipit leysir undir þeim“. „Fjórir menn hljópu í stafnlok skipsins“ og var þar Ari einn. Þeir voru „þrettán dægr á skipsflakinu, ok höfðu enga vist nema einn smjörlaup, ok átu þar við svarðreiðann; drykk höfðu þeir engan ... Síðan fundu fiskimenn þá ór Vestmannaeyjum ok fluttu þá með sér til eyjanna, ok voru þeir mjök þrekaðir, sem ván var.“ (St. III, s. 159).

Það hafa ekki verið veilir menn, sem lífs komust úr slíkri svaðilför, og góðar tennur hefir þurft til að vinna á hinni skorpnu rostungshúð.

Í annað skipti segir svo frá sjóferð Ara, að „þeir brjóta skipit við Flateyjardal“. Fórst þar flestallt fólk, er á því skipi var „á séttu tigi“, „en af komusk átta menn eða níu“. Eru þar nefndir Ari Ingimundarson og afarmennið Aron Hjörleifsson; er ekki ólíklegt að þar muni hafa nokkru um valdið yfirburða karlmennska þessara manna, að þeir komust lífs á land. Í síðustu ferð sinni var Ari á skipi því er hét Hólmdælan. Fórst það skip „suðr fyrir Mýrum“, en á því voru

hundrað menn. Fimmtíu komust af, en aðrir fimmtíu drukknuðu, og er það undarlegt, að enginn þeirra mörgu Íslendinga, sem á skipinu voru, bjargaðist ekki heldur hinn mikli vaskleikamaður, sem svo oft hafði komist í hann krappan, og þó lífi haldið.

Um ætt Hrana Koðránssonar veit ég ekkert, en ekki virðist óhugsandi, að hann hafi verið afkomandi Guðmundar ríka; nafnið Koðrán kemur fyrir í þeirri ætt, og ef til vill er einnig á það að líta, að Þórður kakali setur hann höfðingja yfir Eyjafjörð í fjarveru sinni. En ekki er það að efa, að Hrani hefir verið hinn mesti garpur. Var hann í Haugness-bardaga með Þórði kakala, og gekk vel fram. Er svo sagt, að „Hrani Koðránsson færði stein mikinn at Jóni Skíðasyni, ok kom á bringuna, ok gengu inn bring-spelirnir, ok varð þat hans bani“. En Jón Skíðason var einn af mestu köppnum í hinu liðinu. Hann var kallaður kjappi, sem þýðir hafur. Hann hafði sótt fast að Þórði kakala. „Jón Skíðason léti sem hann sæi öngan mann annan en Þórð, ok sótti hann í ákafa. Svá sagði Þórður síðan, er um var talat, ef slíkir hefði þrír verit kjapparnir, at hann hefði aldri sól sét.“ En ekki virðist þó ólíklegt, að Hrani Koðránsson hafi þar nokkru um vald-ið, að Jón varð ekki Þórði að grandi, því að svo fast hafði hann einu sinni til Þórðar lagt, „at hann fell við“. En góð hafa herklæðin verið, því að „Þórðr stóð skjótt upp, er hann hafði fallit, ok kvað sik ekki sak“.

Fróðleg er sagan af dauða Hrana. Hann féll í Grímsey eða við; hafði hlaupið á skip, er að honum var sótt. „Heldu menn þá skipinu, en sumir sóttu at Hrana. Þá mælti Hrani, bað þá velja tvá menn af liði sínu, ok ganga á land upp ok berjask við sik. Oddur kvað þat ekki svá fara mundu, ok bað menn ganga skjótt at honum. Hrani beiddi þá prests-fundar, ok kom til hans Hákon prestr út á skipit. Hrani lagði þá af sér vápnin ok tók ráðning af prestinum. Allir menn sá þat, at hann hafði mjök við komizk, er hann stóð upp. Hann mælti þá: „Vera má,“ segir hann, „at yðr þykki eigi karlmannlega við orðit minnar handar; en mik má mjök ugga, at eigi sé vís gistingin sú er mér gegndi.“

Hrani hræðist helviti. Jafnvel ekki hugprýði hetjunnar gat staðist þá ógn, að eiga að brenna í helviti að eilífu. En ekki notaði miðaldakirkjan þá hræðslu nema miðlungi vel, og meir til að auka völd sín og auð, en afstýra illverkum. En af Hrana segir enn svo: „Síðan mælti hann við prest, ok eptir þat tók hann vápn sín ok kvað þat hverjum manni boðit að verja líf sitt. Þeir sóttu at honum, en hann varðist hraust-lega. Brátt fékk hann lag í augað; varð þaðan frá lítt um vörnina hans. Var þá unnit á honum af þeim mörgum, ok létt hann þar líf sitt mörgum sárum særð.“

VI

Saga íslensku þjóðarinnar er svo merkileg af því, að þótt smáþjóð sé, er henni sérstakt hlutverk ætlað í framsókn alls mannkyns að því takmarki, sem verður að ná, eða farast ella. Og hefir erfiðlega gengið, ekki einungis að komast á leið að því takmarki, heldur jafnvel að átta sig á því, að um nokkurt takmark geti verið að ræða. Nú er það ekkert efamál, að mannkynssaga, eða, nákvæmar tiltekið, fróðlegur þáttur þeirrar sögu, hefir hér á landi verið ritaður af meiri snilld og glöggskyggni en komið hafði fram í söguritan nokkurrar annarrar þjóðar; og hefði því ekki vitrum mönnum þurft að koma svo mjög á óvart, þó að víðtækari og dýpri skilningur á mannkynssögunni í heild, en áður hafði til verið, kæmi fyrst fram hér á landi. Nú er að vísu svo komið, að ýmsir hinir vitrustu menn stærri þjóða eru farnir að sjá það sem hér á landi hafði skilist fyrst, að mannkyn jarðar vorrar er á glötunarvegi, og ekki einungis það, heldur jafnvel á glötunarbarmi; og gerir ekki svo mikið til, þó að ekki sé í því sambandi vitnað í það, sem ég hefi skrifnað um þetta efni. Verra er, að hvergi hefir ennþá komið fram neinn skilningur á því, hvað það er, sem eitt getur komið í veg fyrir að styrjöldum verði haldið áfram, og þar af leiðandi farið fram af feigðarbarmi. Og er hætt við, að einnig það verði að uppgötva í útlöndum, ef að gagni á að geta orðið. En ekki má fyrir því vanþakka það lið, sem hinn ágæti spámaður Adam Rutherford hefir oss lagt, með því að segja það fyrir,

að Íslendingar muni verða forgönguþjóð á þá braut, sem liggur til farsællar framtíðar fyrir allt mannkyn.

Hin íslenska menningartilraun, sem í Heimskringlu Snorra og fleiri ritum hafði reist sér þann minnisvarða, sem aldrei hefir frægari verið en nú, féll niður að mestu leyti. Þegar Sturlungu sleppir, þá er eins og myrkrið leggist yfir í sögu þjóðarinnar. Og er þó raunar fullmikið sagt, því að í biskupasögunum síðustu er enn rökkur, svo að þó má kenna hvað það var, sem svo mjög lamaði hið andlega líf Íslendinga. Í Árna biskups sögu (Bps. I, s. 712) segir svo: „Bausti var fornorð.“ Maður sem hét Þórarinsson bausti, var að reiða til hinstu hvíldar bein Odds Þórarinssonar, þessa mikla efnismanns, er dreppinn var svo ungar; og fór oft ofan, svo að hvað eftir annað varð að gera að og láta upp aftur. Varð þá Bausti óþolinmóður og bólvaði mjög. En snemma á 14. öld var svo komið, að ef einhver talaði ljótt, eins og nú er komist að orði, þá var sagt að hann væri fornorð. Má af því marka, hvernig farið var að líta á mál hinna heiðnu forfeðra. Og fleira glórir í þarna í rökkrinu, sem gerir oss auðvelt að skilja, hvers vegna féll niður það sem merkilegast hafði verið um íslenska fræðimennsku. Getur engum dulist, að þessi andlega myrkun miðaði í alla staði til að hnækja íslenskum þjóðþrifum.

Margt virðist hafa verið skylt með Grikkjum hinum forn og vorum fornmönnum. En Grikkir byggðu svo miklu betri lönd, og voru svo miklu fleiri, og er því eðlilegt, að grísk menning kæmist á miklu hærra stig. En þó ekki að öllu leyti. Grikkir eignuðust t. d. enga Heimskringlu; Snorri Sturluson var sem söguritari ennþá meiri snillingur en jafnvel Heródót og Þúkýdídæs. En í sumum andlegum efnum voru á Grikklandi tendruð bjartari ljós en í öðrum stöðum hér á jörðu. Einnig hin merkilega gríská menningartilraun félß þó niður að mestu leyti, og því gat ekki orðið haldið áfram, sem best hafði þar verið upp hafið.

Hefir í kafla hér áður verið sagt af þeim hryggilegu tíma-mótum í sögu Grikkja, er til þess leiddu, að Aþenuborg varð ekki höfuðborg heimsveldis, og að dofnuðu hin björtu

andans ljós, er hjá Grikkjum höfðu verið tendruð, í stað þess, eins og þurft hefði, að skína því skærar, sem lengur leið, og loks svo, að dýgði til að lýsa mannkyninu á braut hinna sönnu framfara.

þá mikil óljós fyrir ós var ófengilegt meðal ósins og ósins fólk. Þá óljós hefði ós enginn ógagnað meðan ósins fólk óljós hafði ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós. Þótt ós óljós hafi ófengilegt ósins fólk, ósins fólk óljós hafi ófengilegt ós.